

# Lífeistar

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ ÁDRAR STJÓRNUR • 66. TBL. 14. ÁRG. APRÍL 1991



Að rétta við hina arísku framsókn — að koma framsókn mannkynsins í hið rétta horf — það er hlutverk íslensku þjóðarinnar.


*Helgi Pjeturss*

Ingvar Agnarsson:

## Kúluþyrpingar

(Sjá forsíðumynd)

**Kúluþyrpingar** eru þéttir og stórir stjörnuhópar, oft með hundruðum þúsunda stjarna á tiltölulega þróngu geimsvæði þannig að úr fjarlægð séð renna þær saman og mynda bjarta kúlu, með dreifðum jöðrum, og ganga flestar utan við hið eiginlega kerfi vetrarbrautarinnar. Þekktust kúluþyrpinga á norðurhveli himins er *M 13* í Herkúlesarmerkinu.



Hér má sjá mynd af kúluþyrpingunni **ÓMEGA** í stjörnumerkinu Kentárunum en hún er einhver allra fugursta stjörnuþyrping himins. Í mörgum kúluþyrpingum eru hundruð þúsunda sólstjarna. Íbúum slíkrar stjörnuþyrpingar hlýtur að þykja stjörnuhimininn ákaflega fagur á að líta.

---

## ERINDI OG GREINAR

---

Þorsteinn Guðjónsson:

# Framkoma „andaljósmynda“


Sveinn og Þorsteinn hittust í búðardyrum, og tóku tal saman, og var það í fyrstu ekki um annað en að þeir hefðu ekkert að segja. En svo segir Sveinn: Maður, sem ég vinn með, fór að spyrja mig, hvort ég væri spíritisti, en ég reyndi að skýra málid með nokkrum orðum. Þá segir maðurinn: „Ég komst einu sinni á fund hjá Hafsteini Björnssyni. Sú reynsla er mér ógleymanleg. Fram komu ýmsir ættingjar míni, og öll nöfn og aðrar staðreyndir stóðu nákvæmlega heima“. — Þegar Sveinn leitaði betur eftir, fann hann, að maðurinn hafði að öðru leyti alls engar hugmyndir gert sér um lífið eftir dauðann eða hvers eðlis það væri. Bent Sveinn honum á leiðir til að bæta úr því.

Eitt af því, sem mikið var lagt upp úr á uppgangsárum spíritismans eða sálarrannsóknahreyfingarinnar, hér lendis og erlendis, voru hinar svonefndu „sálrænu ljósmyndir“ (psychic photographs), en þær sýndu oft og einatt mjög furðulega og stórkostlega hluti. Mörgum virtist sem framliðnir væru farnir að meyna að koma fram myndum af sér á tæknilegan hátt. En bestu menn spíritismans játuðu þó, að þeir hefðu enga viðhlítandi skýringu á því, hvernig þetta gerðist, og þá var ekki heldur langt í það að rengingar og brigsl - og peningar! - næðu yfirhöndinni. Flest, sem ég hef nýlega séð um þessar sálrænu ljósmyndir frá fyrri hluta aldarinnar, hefur ekki verið boríð uppi af neinni sannfæringu af hendi þeirra sem birtu.

Nú víkur sögunni að Þorsteini Jónssyni. Í greininni Framkoma „andaljósmynda“, í „Lausn gátunnar“ bendir hann á ýmis einkenni á slíkum myndum, sem menn tóku eftir, meðan alda þeirra náði hátt, og styður með þeim þá fyrri niðurstöðu sína, að myndirnar komi fram fyrir „fjargeislun

beint á ljósmyndaplötuna“ frá heimi hinna framliðnu. Skilyrði hjá viðstöddum greiða fyrir aðstreymi kraftar, en sá kraftur nær að endurskapa þá mynd, sem á einhvern hátt er búin til sendingar hjá hinum framliðnu. Myndin eða hinn „sálrvæni“ hluti hennar, kemur þá ekki fram við það að ljós falli inn um ljósopið, heldur eftir leiðum, sem lýst er með orðinu „fjargeislan“. Telur Þorsteinn sig hafa sýnt fram á samræmi athugana með því að líta þannig á.

Aðalatriðið er að myndirnar stafa frá framliðnum, annað aðalatriði, að þær eru ekki úr „andaheimi“, heldur af lifandi manna landi, þriðja aðalatriði, að þær eru sendar hingað með fjargeislun, sem þó er jafnan háð viðtökuskil-yrðum hér (stilliáhrifum), og eru því ekki eins reglubundnar og venjuleg ljósmyndun. En það er einmitt það sem gagnrýnendur binda sig mest við. Þeir hafa haldið að þeir gætu



Ég læt fylgja hér með lífgeislunarmynd af fingurgómi, en slíkar hafa oft náðst á undanförnum áratugum og árum.

I. A.

heimtað „endurtekningu tilraunarinnar“ hvenær sem er — vita ekki hvað stilliáhrif eru.

Nú langar mig til að lýsa ljósmynd, sem á sér merkilega sögu. Í Ennýal s. 261, greininni Þýsk vísa og íslenskur drengskapur, segir Helgi Pjeturss frá ungum Þjóðverja, G. Werner Freytag, sem skrifað hafði honum til að þakka fyrir Nýal, um 1925. Hafði einhver Íslendingur í Þýskalandi bent hinum unga Freytag á þessa bók, sem hann síðan hafði lesið, og kunnað vel að meta. „Því miður nefndi hann þó ekki nafn þessa góða drengs“ segir Helgi, og mun hann, meðan hann lifði, aldrei hafa komist að því hver sa maður var.

Síðan liðu nærri 50 ár. Félag Nýalssinna hélt sögulegan fund í Norræna húsinu, og meðal þeirra sem gengu í félagið var roskinn verkfræðingur, Höskuldur Baldvinsson að nafni. Féll mér undireins vel við hann, og þegar við fórum að tala saman, kom í ljós, að þarna var hinn íslenski vinur Freytags kominn. „Ég ætlaði alltaf að fara til Helga og segja honum frá þessu, en það varð aldrei af því“, sagði hann. En nú var hann kominn „á vit Nýalssinna“ eftir 50 ár, og sagði mér ýmislegt frá þessari Þýskalandsvöl sinni, þar sem hann nam verkfræðinám sitt, og ekki minnkaði áhugi minn við að heyra, að félagi hans í þessari dvöl var Halldór Halldórsson arkitekt, sem lengi var félagi Nýalssinna, og teiknaði fyrirkomulag efri hæðar á Álfhólsvegi 121.

Sunnudag nokkurn (1922?) notuðu þeir félagar frítíma sinn til að fara til myndatökumanns, og var þeim þar stillt upp, eftir því, sem þá gerðist, og síðan framkallað og kopíerað. En þá kom fram sú mynd, sem hér ætti að koma með, og sjást þar auk þeirra Höskuldar og Halldórs: greinileg mannshönd, sem grípur fyrir það, sem virðist vera andlit stúlku, þannig að aðeins sést ennið, niður undir miðjar augatóftir, og hluti af hárinu. En svo kemur í ljós, á vinstri hönd Höskului, eins og ófullkomin líkamsmynd stúlkunnar sem á hið hulda andlit, og er „blúndan“ neðan á náttkjól hennar skýrust, en aðrir hlutar óskýrari og móðukenndari. — Ennfremur gæti virst sem sæi á hluta af karlmannsandliti fyrir ofan úlnliðinn á höndinni, sem teygir sig fyrir ofan

andlit stúlkunnar. Fleira er þarna sem aðgæta mætti, en ekki mun ég lengja málið um það.

Það er mín hyggja og ætlun, að þarna sé um lífgeislamynd að ræða, stafandi frá „heimkynnunum hinumegin“, það er frá öðrum hnetti, og hafi Íslendingarnir lagt til sambandskraftinn.

Hvernig kemur þetta nú heim við skilning Þorsteins Jónssonar á slíkum myndum. Það kemur í fyrsta lagi ágætlega heim, að andlitin tvö, sem sjást að nokkru, og kroppurinn hvítklæddi, eru algerlega „aðskotahlutir“ í myndinni. Höskuldur sést sumstaðar vel í gegnum stúlkuna. Sama er að segja um jakkaboðung Halldórs, sem sést í gegnum yfir-andlitin tvö. — Á hinn bóginn gæti hin ófullkomna myndun fótarins og hnésins komið heim við, að þarna væri líkamningur að myndast. Ég tel þó ekki ástæðu til að ætla, að svo sé. Höskuldur sagði mér, að þeir hefðu ekki „séð“ neitt þarna, heldur voru þetta bara tveir kátir strákar að láta taka mynd af sér, á sólþjörtum sunnudegi fyrir 65 árum. Ef raunveruleg líkamning hefði þarna orðið, hefðu allir viðstaddir séð hann.

En það var einn, sem varð ekki kátur og var það myndatökumaðurinn þýski. Þegar hann sa myndirnar, varð hann hræddur við þær og bað Íslendingana að hypja sig úr sínum hýbýlum. Það eru því engar líkur til, að hann hafi viljandi búið til falsmynd. Það sem „tekið var ofan í“ á filmunni var af annarra völdum til orðið.

16. 04. 89 Þorsteinn Guðjónsson.

## Vetrarbrautir í fjarska



Útsýn til fjarlægra vetrarbrauta á litlum bletti himins í Meyjarmerki.

**Ingvar Agnarsson:**

# **Hlustað á fjartalanda**

(Framhald úr síðasta hefti)

## **Um lífflæði Þriðja nóttin**

I

**Lífmagnsflæði, lífaflsflæði, lífgeislunarflæði, líforkuflæði**  
Og nú segi ég frá reynslu minni þriðju nóttina:

Ég lagðist út af til svefns kl. 23,30, í rúmi mínu á Borgarspítalanum, þar sem ég hafði nú verið í 11 daga, en gat alls ekki sofnað. Ég lá og bylti mér óþolinmóður, beið eftir svefninum, en hann létt á sér standa. Ég smároaðist þó og fór loks að líða vel. Hafði ég kl. 10 fengið tvo verkja- og svefnstíla svo ég gæti sofnað. Leið svo fram til kl. 2 um nóttina. Þá fór ég að skynja rödd, sem talaði til míni. Það var karlmannsrödd, þýð, skýr, ákaflega vinsamleg. Mér fannst raddhreimur eða raddhljómur eitthvað meiri háttar, þó ekki myndugur. Ég fór að leggja við hlustir og huga. Maðurinn (röddin) talaði á þessa leið:

II

,Við erum að reyna að senda lífflæði (líforkuflæði, lífaflsflæði, lífmagnsflæði, lífgeislunarflæði (kvk) til jarðarinnar, og erum komnir af stað með þá tilraun. Tilraunin nær til allrar jarðarinnar, til allra þjóða, allra manna, (alls lífs) á jörðinni. Þetta er mikil aflraun (eins og aðrar fyrri, hliðstæðar) og við vonumst eftir árangri. Ef (eða þegar) árangur fer að nást, þá mun þetta byrja með því, að milda hugi þjóðanna, hverrar gagnvart annarri, og að milda hugi ættbálka hvers gagnvart öðrum í ýmsum löndum og hugi einstakra manna hvers til annars. Stjórnarfari mun verða mildara og mannlíf betra. En þetta kemur ekki einungis fram á fólkini (heldur) og meðal dýranna): Veðurfar mun einnig taka að batna, og náttúruhamfarir að mildast.

Við munum ekki síst beina lífflæðinni til allra þeirra manna, sem helst gætu skilið eðli og tilgang lífsins um víða veröld og þannig undirbúa þá undir þann nauðsynlega boðskap, eða þann skilning á eðli lífs og þróunar, sem ekki verður hjá komist að beita og tileinka sér, til þess að sannur árangur náist. Hjá þér vaknar nú spurningar um offjölgun manna í heiminum, ef lífskilyrði taka að batna. En þessu verður öfugt farið ef lífflæði nær fram að ganga. Hún er þannig vaxin, eðli sínu samkvæmt, að nái hún réttum tökum á lífi þjóðanna, þá mun þjóðum, sem barist hafa við offjölgun, fækka svo að í hófi verði, en sumum öðrum þá jafnvel heldur fjölda þar sem ástæða er til. En mannfjöldi jarðar í heild er þegar of mikill.

Þegar lífflæðin til jarðar ykkar verður komin vel á veg munu menn hætta neyslu dýrakjöts (eins og þar sem lengra er komið). Engin þjóð mun þá níðast á annarri sjálfrí sér til hagsbóta, eða nýta sér lönd og jarðefni og orku án þess að taka fullt tillit til náttúrunnar.

Góðvildin ein verður ráðandi meðal manna, og eins viðvíkjandi dýrunum, og jurtalíf jarðar verður varðveitt sem best.

Við munum beina lífflæðinu einkar sterkelega þangað, sem helst er von til skilnings og móttöku hennar. Og þar hefur Ísland lengi verið í forsæti. Þar tókst (okkur) fyrst að koma fram skilningnum á eðli heims og lífs, og þangað lítum við vonaraugum eftir forystumönnum til þátttöku í þessu mikla viðfangsefni. Sveit ykkar Nýalssinna er enn sem stendur ákaflega fámenn, þeirra sem skilning hafa og fullan vilja á framgangi tilraunarnarinnar. Lengi höfum við reynt að styðja viðveitni ykkar, og þótt enn hafi skammt miðað, er hér t.d. kominn góður stofn fárra en merkra rita til útbreiðslu þessa málefnis.

Hér er einn sem segja má með sanni, að taki öðrum fram að þessu leyti, maður sem hefur hafti vit, þekkingu, fórnfýsi, djörfung og úthald til að stuðla að útbreiðslu lífstefnunnar á ykkar jörð. Nú er áríðandi að þið styðjið hann vel og drengilega, myndið með honum sterkan samstilltan hóp.

Þú spyrð (í huganum) um útgáfu Nýals. Já við höfum fylgst með því máli og stutt eftir föngum, og þegar hann verður kominn út, munum við veita hingað mikilli orku til þess, að hann komist í sem flestra hendur og verði lesinn og skilinn. Og margir merkir menn munu þá fyllast áhuga og styðja málstaðinn.

Og brátt mun orð fara af málefni um önnur lönd, og þá mun koma sér vel, að hér eru þegar til greinargóðar og vel gerðar bækur um málefnið á öðrum tungum og það mun flýta fyrir skilningi á mikilvægi málsins.

Þið hafið hugsað um stjörnusambandsstöð og nauðsyn hennar. Það höfum við einnig gert. Þegar lífflæðin fer að hafa áhrif (á jarðarbúa), þá mun takast að reisa hana. Og hún skal verða á Íslandi. Við munum styðja það framtak af alefli. Ekki mun þetta fyrsta sambandshús verða svo veglegt sem vert væri, en það mun duga til þátttöku Íslendinga í meiriháttar tilraunum og fjölmargir erlendir menn munu koma hingað til að leita sambanda við okkur, hina lengra komnu. Og þetta hús mun brátt vekja heimsathygli, svo að stuðningur mun þá taka að berast hingað víðsvegar að úr heimi. Þá mun brátt geta risið hér á Íslandi önnur stjörnusambandsstöð, sem boríð getur það nafn með réttu. Og árangur mun verða stórkostlegri og stórkostlegri á öllum sviðum, ekki eingöngu í sambandi við komur ljómandi gesta í stöð þessari og þeirri magnan, sem slíkum heimsóknunum er samfara, heldur mun allt snúast til betri vegr gagnvart öllu lífi, bæði á Íslandi og öllum öðrum löndum.

Í framhaldi af þessu munu stjörnusambandsstöðvar rísa í öðrum löndum, eftir að sigurganga lífflæðinnar verður búin að ná réttum tökum á hnetti ykkar.

Undirbúnингur þessa mikla framtaks, að frelsa jörðina úr greipum rangstefnunnar og koma henni á rétta leið, er löngu hafinn meðal okkar. Og nú er sóknin hafin. Við vonumst eftir undirtektum ykkar allra. Milljónir mannkynja standa nú einhuga að þessu framtaki, milljónir alsamstilltra mannkynja, þar sem hver einstaklingur leggur fram huga sinn og alla orku. Ekki er lítið færst í fang og ekki er lítið í húfi: Það

er ekki eingöngu það, að bjarga ykkar jörð inni, þótt mjög sé það mikilvægt, heldur eru hundruð þúsunda, jafnvel milljónir frumlífsmannkynja, sem eins er ástatt um. Við munum reyna að bjarga þeim öllum. En ykkar jörð er ein af þeim sem hefur sérstöðu í þeim stóra hópi, því meðal ykkar hefur tekist, þrátt fyrir allt, að koma fram skilningnum á heimi og lífi og á því, hvað til þess þarf, að björgun megi hér takast. Því er svo áriðandi að við fáum góðar undirtektir hjá sem flestum vitibornum löndum ykkar.

Og eitt er enn, sem ég vil taka fram, og ekki er víst að ykkur öllum hafi skilist til fulls: Ekki er unnt að bjarga ykkar jörð inni saman, heldur verða óteljandi annarra slíkra eða hliðstæðra mannkynja að fylgja með, því öll mynda þau sameiginlegt aflsvæði. Öllu því aflsvæði mannkynja verður (helst) að bjarga sameiginlega ef björgun á að takast á annað borð. En þó geta sum þessara mannkynja orðið eitthvað á undan öðrum á þessari þróunarbraut, ef vel tekst til, jafnvel alllangt á undan. Vel gæti ykkar mannkyn orðið eitt þeirra, og til þess höfum við stefnt með tilraunum okkar til þessa.

Þú spyrð (í huganum), hvað þú sjálfur gætir helst gert til stuðnings þessu máli. Undanfarnar nætur höfum við reynt að leiða þér fyrir sjónir nýjan skilning á ýmsu því, sem snertir sambandsmál, reynt að leiða þér fyrir sjónir, sem réttastan skilning. Sumt höfum við margendurtekið, til þess að hjálpa þér að muna. Allt sem okkur tekst að koma til bíin með þessum hætti, skaltu reyna að muna sem best og segja það öðrum þeim manni, sem gleggstan hefur skilninginn, skarpast vitið og mest áræðið hefur sýnt til að vinna þessu máli framgang. Einnig væri æskilegt að þú reyndir að rita sem réttast eftir minni, það sem við höfum verið að reyna að segja þér.“

(Lokið þessari ritun kl. 3,50 aðfararnótt fimmtudags 22. 11. 1990, og mér fannst í raun, sem maðurinn sami stæði hjá mér, meðan ég var að skrifa, og hvíslaði að mér eða minnti mig á öll aðalatriði, sem hann var búinn að segja mér, meðan ég lá inni í rúmi mínu).

*Ingvar Agnarsson, 22. II. 1990.*

Ingvar Agnarsson:

# „Vítin mundu tæmast...“

(Birting hugmyndar)

## Fjórði dagur

Ég lagði mig út af upp úr hádeginu þennan dag og nær ósjálfrátt fór ég að hugsa um þá nýju vitneskju, sem mér hafði borist, að hafin væri sending líforkuflæðis frá samstilltum mannkynjum milljóna hnatta til jarðar okkar og til fjölda annarra illra staddra frumíflsmannkynja. Og í huga mér kom sterkelega sú hugsun eða spurning, hvort enn mundi þá lengi dragast, að álika aflraun yrði gerð til bjargar enn verr stöddum framlífshnöttum, þar sem nú væru sannkölluð víti. Þessar hugsanir voru að velkjast í huga mínum um stund, þar til ég var nærrí sofnaður. Þá fannst mér huga mínum skyndilega berast skýrt og ákveðið svar:

„Vítin mundu tæmast ef innflutningur til þeirra hætti“.

Við þetta glaðvaknaði ég, reis upp í skyndi og ritaði hjá mér þessa ákveðnu setningu, sem mér hafði þannig borist.

Mér fannst fylgja þessu svari sá ákveðni skilningur, að ef takast mætti að bjarga frumíflsmannkynjum til rétrrar áttar, þá mundi illmennum þar fækka svo mjög, að engir mundu að lokum deyja þaðan til vísuvistar á framlífshnöttum, og þá mundu vítin tæmast smátt og smátt, þegar innflutningur þangað væri úr sögunni, því alltaf tekst hinum lengra komnu, að bjarga þaðan einum og einum þeirra, sem þar hafa lent, upp til lífs og ljóss, yfir á hina réttu leið. Þar með mundu vítin tæmast. Fyrsta skrefið væri því, að lyfta frumíflsmannkynjum upp úr feni rangstefnunnar. Þá mundu hin réttnefndu víti framlífsjarðanna smátæmast upp frá því.

Fyrr er ekki fullur sigur unninn á helstefnu heimsins (alheimsins) en þetta hefur tekist, og fyrr verður ekki um alsigur lífsins að ræða, en þessu markmiði hefur verið náð. Þá fyrst getur hamingja guðanna og lífsins alls orðið algjör, því alfremd lífsins byggist á fullkomnun alls sem er.

Ingvar Agnarsson.

**Þorsteinn Guðjónsson:**

## Glæta í myrkri

Góðkunningi kom á heimili mitt, og var eitt og annað til umræðu með okkur þremur, sem þekkjumst mjög vel, en tekið skal fram, að ekki kom þar stjörnufræði neitt við sögu í þetta sinn, hvorki sú almenna, sem Galílei og Jónas Hallgrímsson kenndu, eða Hubble og Weiszäcker á þeirri öld sem er, né heldur sérgreinar, sem síðar hafa þróast. En stundum er eins og vísindagrein byrji að þróast með því, að henni sé nafn gefið, og hef ég í því efni reyndar af einkennilegri reynslu að segja, sem þó tengist einnig málum, sem menn dæma annars mjög misjafnt um.

Þetta var þannig, að vorið 1956 „heyrði“ ég, með því sem sumir kalla dulheyrn, en ég fjarheyrn fyrir samband, tvö erlend mannsnöfn, og sagði ég þegar frá. En annað nafnið var þetta mjög svo óvenjulega: „Hubertus Strughold“. Síðar komst ég að því, að maðurinn var raunverulega til, hafði verið í Kaliforníu um þetta leyti og verið að stofna til fræðigreinar, sem hann vildi kalla „astrobiology“ við háskóla þar, og haft nokkurn framgang. — Hugtakið „astro-biology“ (stjörnulíffræði) var mér reyndar áður vel kunnugt, tveir vísindamenn, annar á Nýja Sjálandi höfðu myndað þetta orð og gefið því merkingu nær samtímis um 1911 — en ekki skal um það rætt, heldur hvað gerðist eftir heimsókn kunningja míns, sem á var minnst.

Hann dreymir, að hann sé kominn ofan í miðbæ Reykjavíkur, og veitir þó ekki nánasta umhverfi neina sérstaka athygli, heldur verður honum litið til himins, nær hápunktí eða nær þráðbeint upp. Og undireins beinist athygli hans að litlu stjörnumerki þar, stjörnuþyrpingu lengst úti í dimmbláu geimdjúpinu, og þótti honum sem þetta væri sú

þyrping, sem kölluð er Sjöstirnið. Fannst honum mikið um, bæði í draumnum, og um drauminn þegar hann var vaknaður. Þess ber að geta, að Sjöstirnið var sest hér á landi á draumtímanum, og getur reyndar aldrei risið jafn hátt á himni og þarna var.

Lengri var draumurinn ekki né tíðindameiri en þetta. En mér þykir hann þó vera í merkasta lagi.


Hafi „sjöstirnið“ í draumnum raunverulega verið það sem því nafni er nefnt, leiðir af því, að draumgjafi kunningja míns hafi verið íbúi hnattar í stjarnfræðilegu nágrenni okkar hér. Fyrir þessu hef ég reyndar ekki önnur rök en þau í fyrsta lagi, að dreymandanum muni hafa rétt sýnst og rétt frá skýrt; í öðru lagi, að hugtakið „sjöstirni“ var þarna í huga hans án þess hann hefði verið að hugsa það áður, og þriðja lagi að tilfinning þess, að eitthvað mjög mikilsvert væri að gerast, var ríkjandi í draumvitund hans. Hygg ég að þar hafi gætt áhrifa frá fullkomnari meðvitund, íbúa einhvers þeirra hnatta þar sem lífið er komið á örugga framfaraleið. En þaðan er mikil viðleitni höfð til að „koma vitinu fyrir“ þá sem búa á hinum vitfirrtari frumlífshnöttum, en til þeirra telst hún augljóslega, vor jörð.

Reyndar lét sögumaður minn þess getið, að eftir að þessa sjón bar fyrir hann í draumnum, þóttist hann vakna, og segja draum sinn manni, sem okkur er báðum vel kunnugur. Sá er nú hálftíræður, en í draumnum mun hann hafa verið öllu yngri, það er annar maður. Þessi tegund „tvöfalds draumsambands“ er okkur áður kunn, og varpar hún ljósi á það hvernig draumsamböndin eru eins og vísir að sambandi upp á við, jafnvel allt til hinnar æðstu fullkomnunar að lokum. Það ætla ég að sá hinn yngri maður en þó mjög gamli sem þarna var í draumi Sveins, sé með nokkrum hætti foringi um að skilja eðli drauma — þar, á þeirri jörð, og sé hann því nokkurskonar samherji okkar hér. Þetta mun mörgum þykja alllangt seilst, en þó er það knýjandi að hugsa svona. Það er engu líkara en að nú sé að skapast, fyrir draumgáfu Sveins og e.t.v. annarra, skilyrði til að rannsaka stjörnuliffræðilega, líf og útsýni á hnöttum í næsta nágrenni

við okkar sólhverfi, þ.e. innan ca. 100-300 ljósára fjarlægðar. Að ná stjarnfræðilegum áttum varðandi draumgjafa okkar, væri hinn mesti ávinningsur og fer ég ekki um það fleiri orðum að svo stöddu. — Og án hégomskapar skal það sagt, að miklar líkur eru til þess að við hjónin á Rauðalæk 14 höfum í þessu dæmi verið stillar að þessum draumi Sveins vinar okkar, því að samtal okkar þarna um daginn tókst óvenju vel og var góð samstilling.

9. mars 1991.

## Svanurinn



Langbjartasta stjarna þessa merkis heitir *Deneb* (stélstjarnan) og geislar bláhvítu ljósi. Birtustig 1,2. Hún er í 1500 ljósára fjarlægð. En það þýðir, að ljósið er 1500 ár að berast frá henni til jarðarinnar og svo björt er hún í raun og veru að ljósmagn hennar er um 60 þúsund sinnum sterkara en ljós okkar sólar.

Í goðsögnum er sagt frá því að guðinn Seifur breytti sér í svan til þess að heimsækja Ledu, drottningu í Spörtu. Synir þeirra voru Pollux og Kastor, en það eru nöfnin á aðalstjörnunum tveim í Tvíburamerki.

Ingvar Agnarsson:

# Stjörnusambandsstöð á öðrum hnetti?

(Sýn á sambandsfundi.)

## I.

Það sem nú verður sagt frá gerðist laugardaginn 22. apríl, 1967, kl. 3 e.h. Við komum þá saman nokkrir Nýalssinnar, ásamt Sigurrósu Jóhannsdóttur, miðli og sjáanda, og tveim konum, sem voru með henni. Alls vorum við átta saman.


Þarna var stofnað til fyrsta lækningafundar með Sigurrosu, fundar, sem eingöngu hafði það markmið, að greiða fyrir sambandi til lækninga sjúku fólki, sem sumt var viðstatt en annað fjarverandi.

Læknarnir Rómi, Jóhann Sæmundsson og Niels Dungal, höfðu verið um stund í sambandinu og talað af munni Sveins Haraldssonar, miðils. Borin höfðu verið upp við þá nöfn nokkurra sjúklinga. Og nú ætluðu þessir framliðnu læknar að reyna að senda þeim læknandi orku.

Báðu þeir okkur að sitja hljóð. Við gerðum svo.

Ég hafði um stund setið með lokuð augu, er allt í einu birtist mér í sýn ókunnugt landslag. Það var eins og ég sjálfur stæði á allmikilli hæð, og horfði þaðan yfir til annarrar hæðar. Þetta var nokkuð hliðstætt eins og að líta frá Kópavogshæðinni yfir til Eskihlíðarinnar. Þó virtist hæðin, sem ég horfði yfir til, vera allmiklu hærri en Eskihlíðin, og hlið hennar, sú sem að mér vissi var allmiklu brattari. En að öðru leyti leit hæðin út eins og langur hæðarani eða ás, þó með nokkru ójöfnum að ofan.

Dimmt var yfir öllu, eins og nótt væri, en þó sáust greinilega ýmis kennileiti. Uppi á þessari hæð, sem ég horfði yfir til, blasti við hvolflaga bygging, allstór að ummáli. (Hugsanlegt er þó að bygging þessi hafi ekki staðið uppi á hæðinni sjálfri, heldur verið nokkru fjær og hafi þá sést á efsta hluta



hennar yfir hæðina, sem þá hefur í raun skyggt á neðri hlutann. Þetta er raunar getgáta, en gæti þó staðist.)

Hvolfþak byggingarinnar var ekki bratt og virtist hvolflögun þaksins ná alveg niður til jarðar, þ.e.a.s. engir lóðréttir eða brattir veggir virtust vera undir því. Þetta hvolfþak var hvítt, miklu ljósara en allt annað í umhverfinu.

Ekki stafaði þó út frá því neinni verulegri birtu út á við. Ekki var ólíkt því, sem það væri upplýst að innan, og að það væri í raun og veru gagnsætt. Í huga mér kom, að þetta væri stjörnusambandsstöð sú, sem Niels Dungal starfar við, að hans eigin sögn, (á hnerti í 75 þús. ljósára fjarlægð, eftir því sem hann sjálfur tiltekur.)

Hann hafði talað síðastur af læknum þeim, sem getið var um hér að framan.

Á þeirri hlið hæðarinnar, sem að mér sneri, í sýn þessari, sá ég hér og þar smábyggingar, og einnig uppi á hæðinni, nokkuð frá hvolfþakinu stóra. Þau voru öll lítil í samanburði við það, og voru heldur dökk að sjá. Þau skáru sig þó úr umhverfinu, svo að útlínur þeirra voru fremur skýrar, þótt dimmt væri. Ekki voru þau mjög ólik smáhúsum þeim, sem víða eru algeng hér, en sum þeirra voru þó með nokkuð öðru byggingarlagi, t.d. var annar endi sumra þessara smáhýsa helmingi hærri en hinn endinn. Húsín voru flest dekkri en landið í kring, sem þau báru við. Það sást fyrir gluggum á þeim flestum, og út um þessa glugga lagði rauðleita birtu, eins og þar væru rauð ljós inni fyrir. Birta þeirra var því allt önnur en frá hvolfhýsinu, sem var hvítt að sjá.

## II.

Í fyrstu, eftir að þessi sýn barst mér, var sem ég tæki á móti henni eins og í leiðslu, án hugsunar frá minni hálfu og án gagnrýni. En er ég hafði haft hana fyrir augum eða í huganum um stund, kom mín eigin hugsun til sögunnar, og þá fór ég að undrast og fór að reyna að athuga þessa mynd alla að eigin ósk og vilja.

En með því hef ég líklega eyðilagt þetta fjarsamband, því sýnin hvarf mér brátt aftur eftir það. Hún smá dofnaði og máðist síðan alveg út, og ekki var annað eftir í huga mér en minningin um þessa sýn. Virðist það benda til þess, að algjört hlutleysi og eftirgjöf sé nauðsynleg þeim, sem sjá sýnir, til að geta notið þeirra. Sjálfstæð hugarstarfsemi mun jafnan draga úr skýrleika sambandssýna, og er hér um marktækt dæmi um að ræða.

Pegar sambond hafa batnað til muna við íbúa annara hnatta get ég samt hugsað mér, að hægt verði að athuga slíkar fjarsýnir vitandi vits, og verði þá slíkar sýnir upp-sprettu mikils fróðleiks um lífið á örðrum byggðum hnöttum, langt umfram það, sem enn er hér kostur á.

*Ingvar Agnarsson.*

**Þorsteinn Guðjónsson:**

## Vísindasaga

Ég kom í fyrra á bókasýningu í borginni Heidelberg, sem lengi var höfuðsetur Pfalzgreifanna við Rín, en þannig var, að Pfalzgreifarnir voru á 15., 16. og 17. öld miklir bókasafnarar og lögðu grundvöllinn að safnmenningu Þýzkalands á því sviði. Á siðskiptatímanum stóð forkólfum Rómarkirkjunnar stuggur af slíkri bókaeign þýzkra fursta. „Það verður að svifta Óvini Trúarinnar þessum andans vopnum“, finnst skráð eftir þá. Þegar þrjátíuárastríðið hófst voru lögð ráðin á um að ræna þessum bókum, og tókst það þegar Tilly vann Heidelberg 1623, enda var þá allt safnið flutt suður í Róm á hestvögnum þeirrar tíðar.

En árið 1986 var safnið lánað til Þýzkalands eftir 363 ár, og var geysilegur straumur fólks hvaðanæva að til að skoða. Ekki segi ég að þetta eða annað úr þeirri sögu hafi vakið miklar hræringar í huga mér, meðan ég sveimaði þarna um sali með fjöldanum. En svo kem ég að skáp þar sem ein alglæsilegasta bók safnins, stjörnufræði Apians, var til sýnis, sannkallað stolt bókagerðarinnar á þeim tíma, og hafði greinilega ekkert verið til sparað, af hendi þeirra, sem peningunum réðu. „Voru þeir þá svona menningarlegir, einnig þar sem stjörnufræðin átti í hlut?“, spurði ég sjálfan mig og var um leið farinn að hugsa um, hvort menningunni hefði farið aftur eða fram. En þá verður mér gengið að öðrum skáp og þar rek ég augun í eina ósjálegustu og fátæklegustu bók sýningarinnar, einnig um stjörnufræði, og hver skyldi nú hafa verið höfundur hennar? Nikulás Kóperníkus, kórsbróðir í Frauenburg. Það var greinilegt, að unnendur lista og vísinda á 16. öld höfðu haft meira álit á stjörnufræðingnum Apian en Kópernikusi sem „varð það til lífs, að


hann dó“, skömmu eftir að þessi bók hans kom út. Allir vita nú að Kópernikus hafði rétt fyrir sér um gang reikistjarnanna, því að annars hefði ekki verið hægt að fljúga þangað út. En Apian þekkir nú enginn nema sérfræðingar. - Mér fannst eiginlega mest ástæða til að undrast, að Pfalzgreifarnir við Rín skyldu vera þó það skynsamir að hafa svo „lítlfjörlega“ bók sem þetta litla kver eftir Nikulás Kópernikus: *Hvernig himinhnettirnir snúast*, í glæsilegu safni sínu.

„Menntamennirnir hafa ekki bækur föður yðar í hillum sínum;“ sagði nútíðar-peningafursti með hróðugum róm, við konu eina, sem meir hafði lagt sig fram um að sinna föður sínum öldruðum en að leita eftir eigin frama, sem hún vissulega átti kost á flestum fremur. - „Petta er ekki vitnisburður um föður minn, heldur um menntamennina“ svaraði sú stutta að bragði, og er ekki getið fleiri orða þeirra.

„Hvað kemur þetta nú við eðli drauma?“, spyr lesandinn. Það skilur sá, sem hefur tengigáfu til að bera. En geta má þess til skýringar, að undirritaður er einn mesti draumafræðingur sem nú er uppi, og hefur sá hinn sami skilning til að bera.

Mbl. 09. 12. 1987.

## Litlibjörn



Hluti þessa stjörnumerklis er líkur vagni að lögun. Pólstjarnan er í enda vagnkjálkans og er breytileg stjarna en einnig tvístirni. Önnur stjarna, næstum eins björt, er í afturgafli vagnsins og heitir Kochab.

Halla frá Laugabóli:

## Hrefnan

Loksins er hún alveg dauð,  
upp að þurru landi dregin,  
margur sjer þann mikla auð  
matþurfi, og verður feginn  
hrefnukjötsins fína, feita  
flestir munu glaðir neyta.

Athugull nú einhver spyr:  
er nú hrefnan fljót að deyja?  
Svarið verður svo sem fyr,  
sjö tíma hún varð að heyja  
stríð við menn og dapran dauða,  
dröfn er svelgdi blóðið rauða.

Bægslum fast hún barði í sjó,  
blóðið rann úr særðu holdi  
þannig menn og mótor dró,  
mikið var hve skepnan þoldi,  
saklaus fyrir seka kvalin  
sjávarhetja fjell í valinn.

*Kvæði II*

Steingrímur Thorsteinsson:

## Sannleiksperlan

Ei vitkast sá, er verður aldrei hryggur,  
hvert visku barn sorgarbrjóstum liggur.  
Á sorgarhafsbotni sannleiksperlan skín,  
þann sjóinn máttu kafa, ef hún skal verða þín.

Jóhannes Örn Jónsson:

## Gleym ekki

Gleym ekki fuglunum fögru,  
sem flögra um hjarnskaflið.  
Gleym ekki mísinni mögru,  
er mænir á glugga þinn.

Gleym ekki hesti, sem hangir  
á hjarni í fannroku-byl.  
Dagar hans líða svo langir,  
er lífsþrótt vantar og yl.

Gleym ekki guði alþjóða.  
Gleym ekki því, sem er smátt.  
Gleym ei því fagra og góða.  
Gleym ekki því, sem á bágtr.

*Burknar. Ljóð, 1922.*

Halla frá Laugabóli:

## Hvað býr í stjörnunum?

Jeg stari svo hugsandi kvöld eftir kvöld  
á kvikandi grúa af stjarnanna fjöld,  
því enginn veit enn hvað þær geyma.  
Ó! gæti jeg lyft mjer og litið þar inn  
og leitað hvort framliðni hópurinn minn  
á nú í einni þar heima.

Og fyndi ég vinina framliðnu þar,  
jeg fengi við daglegri spurningu svar  
um stefnuna ljóssins að löndum,  
um vaxandi þroska og viskunnar afl,  
hvort væri allt lífið sem einskonar tafl  
í eilífum almættis höndum. —

*Kvæði II*

# Höllin glæsta á tindinum háa

## (Draumur)

### I.

Það var á þriðjudagi, þann 17. október 1989. Ég lagði mig smástund eftir hádegið og blundur leið á brá án biðar. Draumskynjun lét ekki á sér standa.


Ég þóttist standa á víðum velli. Framundan blasti við augum einstakt fjall með reglulegri lögun. Mjög var það hátt og hliðar brattar.

Mér þótti fjallið vera nær alveg hringlaga, svo sem oft er um eldfjöll, og ég sá, að efsti hluti þess myndaði sléttu, láréttu flöt, eins og þverskorið væri ofan af því.

En á þessari flöt reis mikil höll og háreist. Svo var hún stór um sig, að næstum náði hún út á brúnir fjallsins á alla vegu. Og upp af henni gnæfðu turnar miklir og háir, ég held þrír. Sá í miðjunni var langhæstur, en hinir lægri, sinn til hvorrar handar. Sívalir voru þeir að sjá hver um sig, eins og líka byggingin sjálf og virtist slá á þá gullnum bjarma. Það var eins og ljóma stafaði frá þessari miklu byggingu. Ég heillaðist af þessari sýn og undraðist þá fegurð sem hér bar fyrir augu.

Ekki kom í huga minn nein hugsun um það, til hvers þessi bygging mundi ætluð vera. En aftur á móti datt mér í hug sú spurning, hvernig fólk gæti komist upp á þetta fjall, því svo þótti mér það hátt og bratt, einkum ofantil að mjög mundi erfitt til uppgöngu. Hér endaði draumur jafn skyndilega og hann hófst og ég glaðvaknaði.

Ekki hafði ég sofið nema örskamma stund, líklega um tíu mínutur.



Höllin sérkennilega á tindinum háa.

## II.

Draumsýn þessi var afar glögg og grópaðist fast í vitund mína. En ekki fylgdi henni neinn skilningur um tilgang þessarar miklu og fögru byggingar, sem á fjallstindinum stóð.

Á miðilsfundum kemur stundum fram, að stjörnusambandsstöðvar annarra hnatta standi oftlega á hálendum stöðum og jafnvel á háum fjallatindum. Fylgja stundum lýsingar á merkilegum samböndum við lengra komna íbúa annarra hnatta, og iðulega er sagt frá skyndiheimsóknum bjartra gesta, sem komið geta fram í slíkum stöðvum. Fylgir þeim þá orka mikil svo allir viðstaddir magnast að mætti og velliðan.

Ekkert væri jarðarbúum jafnnauðsynlegt og að efla sambönd við lengra komna lifendur annarra hnatta og njóta frá þeim aukinnar magnanar.

Purfa mundi stjörnusambandsstöð til slíkra iðkana. Íslendingar skyldu reisa hina fyrstu. Þeir, einir þjóða, hafa enn sem komið er, skilning á eðli slíkra sambanda og á nauðsyn þeirra.

Dr. Helgi Pjeturss, upphafsmaður lífsambandskenningarinnar, benti oftlega á, að Eskihlíðin við Reykjavík væri vel til þess fallin að þar risi fyrsta stjörnusambandsstöðin. Mundi sú bygging verða Reykvíkingum til sóma og landsmönnum öllum til farsældar meiri, en séð yrði fyrir í upphafi. Það er því merkilegt í meira lagi að þarna á Eskihlíðinni hefur nú verið reist hvolflaga bygging eigi lítil, og í raun hið veglegasta hús, á kostnað íbúa höfuðborgarinnar, og raunar landsmanna allra. Sýnir slíkt framtak, að víst hefði þjóðin efni á að reisa slíka byggingu, sem að var vikið. Mundi og engin framkvæmd verða til eins mikilla heilla, ef rétt væri að málum staðið.

*Ingvar Agnarsson, 17. 10 1989.*

# Eyðing lífheims á öðrum hnetti

## (Draumur)

### I.

Mig var að dreyma. Mér þótti ég vera í leiðangri margra manna og væri nú staddur á annarri jarðstjörnu en þeirri, sem við ættum heima á, en þó í sama sólhverfinu.

Og áður en ég færí að athuga umhverfi mitt hér, brutust skýrt fram í huga mér með ofurþunga, minningar um þá atburði (eða saga sú), sem áður hafði átt sér stað, eða tildrög þess, sem nú væri að gerast og nú væri verið að undirbúa, hér á þessum fyrrverandi hnetti forfeðra minna.

Mér þótti forfeður mínir hafa átt heima á þeim hnetti, sem ég nú var staddur á sem gestur í skyndiheimsókn. Þá hafði verið gott að búa á þessari jarðstjörnu.

En íbúarnir, forfeður mínum, kunnu ekki fótum sínum forráð, kunnu ekki að koma svo fram í samskiptum sínum við móður náttúru, að lífríki hnattarins gæti staðist þá áníðslu, sem íbúarnir beittu það. Þeir eyddu gróðri hnattarins með fyrirhyggjulausri og miskunnarlausri framkomu sinni, og menguðu allt loft og umhverfi svo með framleiðslu eyðandi efna, að lífríkið stóðst ekki lengur og hlaut því undan að láta að lokum. Þá var tækni komin á mjög hátt stig hér en þó tókst ekki að bjarga undirstöðum lfsins, gróðri og lofti.

Íbúar hnattarins, höfðu lengi vitað um annan byggðan hnött litlu utar í þessu sama sólhverfi og höfðu raunar lengi haft samband við íbúa þess hnattar að tæknilegum leiðum, bæði með skeytasendingum og með geimferðum milli hnattanna. Íbúarnir á þeim hnetti voru vinsamlegir, og ráðamenn þar semþykktu, að þeir sem eftir væru, af íbúum hins deyjandi hnattar, mættu flytja yfir til þeirra. Og þetta varð.

Allir eftirlifandi íbúar hnattarins, voru fluttir með geimskipum, yfir til þess nágrannahnattar, þar sem íbúarnir tóku þeim vinsamlega.

Á þessum nýja hnerti leið öllum vel, og aðkomufólkiniu fjölgæði og tók þátt í störfum þeirra, sem þar voru fyrir.

Parna þróaðist mikil tækni. Og nú var svo komið, að menn voru farnir að sjá fram á möguleika þess, að koma á ný upp lífvænlegu lofti og gróðri á gamla hnettimum, sem forfeður mínr höfðu eyðilagt og neyðst síðan til að yfirgefa fyrir ævalöngu. Ef þessi tilraun tækist, mundu skapast þar á ný möguleikar til nýs landnáms jurta, dýra og manna, og þá ætti lífið enn að geta náð sér þar á strik og dafnað á ný, enda væri hin forna eyðileggingar og yfirdrottunarstefna nú löngu úr sögunni.

Og nú var ég hér staddur í hópi manna, sem sendir höfðu verið til könnunnar. Margir slíkir mundu á eftir koma.

Ég var hér nú og fann eða skynjaði, að ég var með grímu (súrefnisgrímu?) fyrir vitum, og vissi að hér var lítt eða ekkert lífsloft.

Ég leit í kringum mig. Hér var afskaplega bjart, eins og sól skini í heiði. En ekki renndi ég augum í átt til hennar. Allt loftið var skærgult, eða líkt og hér mun vera yfir eyðimörkum í sólskini, eða líkt og myndir frá Mars bera með sér. Hér var engin há fjöll að sjá, en bunguvaxnar hæðir og ásar, nær og fjaer. Allstaðar var sem yfir glóandi gulán sand að líta. Ég reyndi að litast sem best um til að athuga, hvort hvergi sæi ég votta fyrir lífi. En lítt bar á því. Þó sá ég á stöku stað einhverjar jurtir, sem helst líktust kræklóttum kaktusum, lágvöxnum, e.t.v. um hálfan metra á hæð, og þeir voru grænleitir að sjá. Þetta var eini gróðurinn, sem ég sá hér votta fyrir.

Er hér var komið sögu fór draumskynjan mín að daprast, og vaknaði ég upp frá þessu.

## II.

Á meðan ég var að vakna til fulls, var skynjun mín og tilfinning altekin afar sterkum áhrifum frá draumi þessum. Og allan þennan dag stóð draumurinn mér mjög skýrt fyrir hugskotssjónum. Ég losnaði ekki við þau áhrif, sem frá

draumnum stöfuðu að fullu, og raunar héldust þessi sterku áhrif í huga mínum í marga daga eftir þetta.

Draumurinn minnti mjög óþægilega á það neikvæða, sem stöðugt er að gerast á okkar jörð, á okkar dögum og miðar að eyðingu lífs á hnerti okkar. Skógin er eytt hugsunarlaust í miklum mæli, loft allt mengað af eiturspúandi vélum um allan heim, gróðri og dýrum er eytt miskunnarlaust, og menn eru drepnir á grimmdarlegan hátt í styrjöldum milli þjóða og á ýmsan annan hátt.

Er ekki lífið á jarðstjörnu okkar mannanna á svipuðum vegum statt, eins og fyrrverandi heimahnöttur draumgjafa míns, sem íbúarnir lögðu að fullu í eyði, með heimskulegri framkomu sinni gagnvart lífríki hans? Þ.e.a.s. ef hugsun draumgjafa míns hefur náð að komast rétt inn í sofandi vitund mína, en ég er helst á því, að svo hafi verið, því mjög var draumurinn allur skýr.

Geta má nærri, að mjög miklar þrengingar og þjáningar, hefur mannkynið, (og raunar lífríkið allt), á fyrrverandi hnerti draumgjafa míns orðið að þola, eftir því sem eyðing þeirrar jarðar hefur færst í vöxt, uns líf hans hefur orðið svo til aldaða, að undanteknum einhverjum litlum hluta þessa mannkyns, sem í lokin hefur tekist að bjarga yfir á aðra og betur setta lífstjörnu í sama sólhverfi.

Við jarðarbúar þurfum vissulega að fara gætilegar en hingað til í eyðingu lífsmöguleika á jörðu okkar, svo ekki fari eins og af segir í draumi mínum. Við verðum að fara að beita vitinu á áhrifaríkari og réttari hátt en hingað til, en láta ekki allt reka á reiðanum lengur.

Og til þess, að sem skjótastur árangur mætti nást, verðum við að taka upp lífsambönd við aðra hnerti, þar sem íbúarnir eru lengra komnir að visku og góðleika og mætti, og þiggja þá hjálp, sem þaðan hefur ávallt staðið til boða.

Þá yrði lokið þeirri hörmungaröld, sem svo lengi hefur hrjáð okkur jarðarbúa.

*Dreymt í september 1990.  
Ingvar Ágnarsson.*

---

## SAMBANDSFUNDIR

---

### Fyrir miðilsmunn 2. 4. 1990.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Herakles.

Herakles hinn gríski.

Blessuð verið þið.

Það er mikill hugur í Forn-Grikkjum að ná til frumlífs-hnattar síns og þá ekki síst til þjóðar sinnar, þar sem saga og menning Forn-Grikkja er enn í hugum ýmsra og reyndar víðar en þar er munað eftir fornum afrekum grískum í listum og heimspeki og vísindum og glæsileik Forn-Grikkja og menningu. Það er víst, að ekki væri nú sagan slík, sem hún varð, ef ekki hefðu miklir afreksmenn þar uppi verið á Grikklandi ýmsir og þeir hinir sömu hefðu ekki orðið slíkir án hugmagnanar, sem kom frá guðunum á öðrum hnöttum og þar þyrfti að verða framhald á og það má takast með tilstyrk aukinnar þekkingar í líffræði og heimsfræði að auka og efla samband við guðina.

Ísland og Grikkland eiga þar stóru hlutverki að gegna í framtíðinni eða geta átt. Stærra en nokkrar þjóðir aðrar jafnvel og er þó Ísland þar framar, þar sem íslensk hugsun ristir dýpra en grísk til skilnings á heimi og lífi og er vissulega ekki of mikið sagt að lengra hafi ekki verið komist í vísindum en þar á þessari jörðu ennþá og ég er sannfærður um, að íslensk heimsfræði á margt skylt með grískri hugsun að fornu og er það bending um, að verið sé á réttri leið, þar sem um aukningu og framför er að ræða.

Er ég á þessari stundu staddur þar, sem mjög er víðsýnt upp til fjalla og Grikkir fleiri hér með mér, er eru öflugir og vitrir og göfugir og er þar *Pýthagoras* fremstur og er hann leiðtogi milljóna á þessum hnetti í vitefnum og vísindum, er hæst gnæfir. En það er hér, eins og ég sagði, víðsýnt mjög, er við litumst um og hér er háborg Grikkja hin fegursta á

fjöllum uppi og eru glæstar hallir hér háreistar mjög margar. Mjög stórkostleg háborg og hér starfa margir að rannsóknum (í) vísindum (og) heimspekiverkefnum. Það eru stórkostlegar vísinda- og rannsóknarstofnanir. Fjölmenni (er) að þeim rannsóknum vinnur undir forystu vitsnillinga hinna mestu. Það er ekki hægt að sinni að lýsa nánar þessari háborg Forn-Grikkja á framlífsjörð. Vona ég, að unnt verði að segja frá henni betur, er skilyrðin batna.

Það er friður og farsæld þar, sem guðirnir ná að koma sínum áhrifum við og visku. Enn eru jarðarbúar á trúarbragðastigini og styrjaldarstigini. Þar sem sambandið við guðina er í molum, nær kraftur þeirra eigi fram að koma sem skyldi og viska í hugum manna, til að vitka þá og göfga. En *sambandsskilningurinn*, sem svo nauðsynlegur er að samstilli hugina, opnar guðmagninu farveg í vaxandi mæli og það er slíkur undirstöðuskilningur á eðli lífs og tilgangi, sem fram er kominn á jörðu ykkar, á Íslandi fyrst, er guðirnir hafa glætt og þann skilning þarf mannkynið að færa sér í nyt, hver þjóð, hver einstaklingur, til aukins þroska.

Og ég tel ekki vafa leika á því hinn minnsta, að þessi litla þjóð eigi sér hina stórkostlegustu framtíð, ef hún ber gæfu til að gegna sínu hlutverki, framsókninni til farsælla lífs á jörðu og er ekki ástæðulaust að ætla, að kraftur sannleikans muni verða ósigrandi að lokum. Það verða þó sagnir af ósigrum á leiðinni til aukinnar þekkingar. En fyrr eða síðar hefur hið rétta betur. Pannig verður tilgangi lífsins náð þrátt fyrir tafir og ósiga alla.

Pakka nú fyrir og verið sæl.

Gunnar Hjörvar  
(ritaði eftir segulbandsupptökum).

## Fyrir miðilsmunn 10. 08. 1987.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Ásmundur Sveinsson.

(Ásmundur Sveinsson):

Svava, sael og blessuð.

Svava Jónsdóttir: Komdu saell eða sael. Hver er það?

Ásmundur Sveinsson.

Svava: Komdu blesaður.

Blessuð. Heyrirðu til míni?

Svava: Já, ég heyri vel til þín.

Ásmundur: Ég er á ferðalagi, svífandi hátt yfir jörðu. Sé hér borg fyrir neðan mig geysi mikla og mikið litskrúðug. Samræmi blasir við í skipulagi borgarinnar og virðist mér hvergi missmíði á eða vanhugsun gera vart við sig og ég er nú að skoða þetta og athuga og það er eins og einhver hvíslí að mér upplýsingum um hvað sem ég vil vita. Þannig er mér sagt margt um sögu borgarinnar og þeirra, er þar hafa stjórnað og hana byggt. En það verður nú ekki sagt frá því hér.

En ég óska þess af einlægni, (að) orð míni séu skilin sem viðleitni til að segja einungis það, sem rétt er. Hér er um að ræða raunverulega sýn framliðins manns, er horfir yfir borg annarrar jarðar úr lofti og sú borg er merkileg fyrir margra hluta sakir og ekki síst fyrir hugarfar íbúa hennar.

H. V.: Ertu í geimfari?

Ásmundur: Alls ekki, heldur svíf ég yfir borginni án farartækis og hef ég vald yfir þeim mætti, sem til þess þarf og er slíkt ekki óalgengt á þessum hnetti, (að) menn geti svifið í lofti og er slíkt skiljanlegt út frá lifaflfræðilegum sjónarmiðum, orkuaðstreymi nokkru frá öflugri verum, er við njótum hér í ríkum mæli, svo merkilegt og furðulegt er í meira lagi.

En ég fæst nú við myndsköpun á jörðu niðri og það er eins og ég sé nú í þeim efnum afkastameiri en nokkru sinni fyrr — (næ) fullkomnari tökum á viðfangsefnunum, að mér finnst.

Svava: Ég sagði það nú stundum við þig, að þú værir ekki einhamur.

Ásmundur: Það kann vel að vera, að þú hafi þar haft nokkuð til þíns máls og á það þó öllu betur við nú.

En það er ekki einskisvert að geta stundað það, sem maður hefur sérstakan hug á og ef til vill fleiri, sem hafa ánaægju af, ef vel tekst til og þykir mér vænt um, að menn virðast hafa gaman af myndum mínum hér. Það þykir mér bending um, (að) ég sé að vinna eitthvað af viti og í þágu annarra en ekki aðeins sjálfs míni.

Ég er sífellt með hugann við formmöguleika efnanna, sem ég nota og hvað ég á að gera við hitt og þetta drasl, sem sumir kalla, ef það má vera efniviður myndræns forms. Það er nú samt ekki drasl, sem ég á við, í þeirri merkingu en það er margt, sem má nota, ef þannig stendur á og gera úr því eitthvað, sem hefur gildi fyrir mannsandann.

Í náttúrunni er sköpunin hvarvetna falin eða það er kraftur náttúrunnar, sem mótar efnið í ótal myndir og form og slíkar myndir, að maður undrast oft og skilur ekki það afl, sem megnar slíkt. En það er mín sannfæring, að með því að reyna að skapa segurð og samræmi, sé maður þess megnugur, hafi maður hlutverk. Ekki get ég nú sagt, að allt, sem ég skapa, sé fullkomið og fagurt. *En náttúran er ekki öll fullkomin og fögur og ég veit þó, að það, sem að er stefnt, er segurð og fullkomnun hvarvetna.*

Svava: Við vorum einmitt að tala um myndirnar þínar í gær.

Ásmundur: Já, ég held það fari ekki fram hjá mér, ef um er rætt og á þann hátt, sem þar var gert, sérstaklega.

Ég bið að heilsa þínum öðlingi og bónda og óska ykkur gæfu og gengis öllu heimspekkilega sinnuðu fólki hér.

Verið sæl.

## Fyrir miðilsmunn 17. 9. 1990.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Helgi Hjörvar.

(Helgi Hjörvar):

Komdu sæll, Gunnar, pabbi þinn.

Gunnar Hjörvar: Komdu sæll.

Helgi: Þú átt vini góða, framliðna, og það er hugsað til þín af fjölda manns hérna. Vildum við geta látið þig skynja umhverfið hér, landslag, byggingar og andlit vinanna og ættingjanna. En við vonum, að þetta takist, upplesturinn, að leysa það mál farsællega.

Ég er með hugann við Ísland og Íslendinga ekki svo sjaldan og framtíð þjóðarinnar og mannkynsins eins og svo margir framliðnir íbúar stjarnanna. En það er þar vissulega ýmislegt, sem betur má fara, á jarðríki og skilningurinn mætti meiri vera og hugarfarið göfugra en er. En það er langt mál að ræða til hlýtar. En sannleikann þurfa menn að læra að þekkja og tileinka sér á réttan hátt undirstöðulögmál heims og lífs.

En íslenska þjóðin má vel athuga sinn gang betur en hún hefur gert til þessa. Er henni svo stórt hlutverk ætlað meðal þjóðanna og því meiri nauðsyn á, að hún átti sig á því hlutverki. Nú finnst mér íslensk menning um margt merkileg og þjóðarsagan sýnir mátt íslenskunnar ekki síst og tign og segurð hennar og þá má segja, að ekki veiti af krafti íslenskunnar til að opna hugina fyrir guðmagninu og leiðsögn guðanna. En undirstöðusannindi þarf að hafa við að styðjast einnig. Ekki verður án þeirra verið, ef hið fullkomna samband á að geta tekist milli manna og guða. *Orkuaðstreymi til jarðar af œðri lífstöðvum annarra hnatta fer vaxandi.* En hvort það nær að sameina hugina, ef ekki er skilningi að mæta, það verður að sýna sig.

Nú biður mamma mig að skila kærri kveðju til þín og bræðranna og fjölda annarra frænda og vina. En þú getur

ímyndað þér, hve mikill hugur fylgir þar máli, segir hún, og vertu nú blesaður.

Gunnar: Vertu blesaður og verið blessuð.

Gunnar Hjörvar  
(ritaði eftir segulbandsupptöku).

## Fyrir miðilsmunn 23. 03. 1987.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Guðbrandur biskup.

Guðbrandur.

Hér er ég. Sæl öll.

Ó, já, ég vil segja fáein orð. Er Guðbrandur biskup og íbúi annars hnattar er talar.

Það er mikil ástæða til að brýna fyrir þjóðinni og kirkjunnar þjónum að beina hugsun til stjarnanna til framliðinna vina og frænda, er þar lifa líkamlegu og jarðnesku lífi og halda þar áfram á þroskabraut og er mikil saga og merkileg af mörgum Íslendingum kunnum og ekki kunnum í framlífi. Ef söðg væri saga þeirra og yrði kunn þjóðinni, mætti það verða mörgum að gagni og ánægju og ekki er það í ósamræmi við Kristskenningu, að lífið haldi áfram á þroskabrautini í heimi þeim, er maðurinn þekkir og má ljóst vera, að er óendanlegur heimur stjarnanna og geimsins. *Petta, sem Kristur kallar hinar mörgu vistarverur í húsi föður síns, eru stjörnurnar og ekkert annað.*

Jæja, hvað sem hver segir, þá er þetta undirstöðusannleikur.

Pakka nú fyrir og verið sæl.

# Bókarfregn

Bók sem greiðir fyrir skilningnum á lífi og lífsamböndum við aðrar stjörnur.

INGVAR AGNARSSON



# LEIÐSÖGN TIL STJARNANNA

Verð beint frá útgefanda kr. 2.500.- (bókabúðarverð er 3.750.-)

Nokkrar upplýsingar um bókina:

Aðalflokkaheti:

- I. Fróðleiksmolar um stjörnurnar.
- II. Stjörnumerki og stjörnur.
- III. Atriðaskrá um birtu, litróf, ljósafl og fjarlægð stjarna.
- IV. Viðauki í myndum og máli.

Bókin er 136 bls. og hefur inni að halda, auk lesmáls 112 teikningar og myndir (86 í litum og 25 svarthvítar).

Útgefandi: SKÁKPENT Dugguvogi 23, Pósthólf 1179, Símar: 31975, 31391 og 31335. Fax: 31399.

# Til lesenda Lífgeisla

Á þessum vetri, sem nú er að kveðja, voru oft stillur og bjartviðri svo yndi var úti að vera og úti að ganga hvort heldur var um dag eða kvöld.

Um sólsetur glóði himinn í gullnum loga og skipti oft litum á skömmum tíma og þegar aldimmt var orðið að kvöldi, ljómaði hvelfingin öll yfir höfðum okkar af tindrandi stjörnum í ótal litbrigðum svo sannarlega var heillandi á að horfa.

Ekkert sjónarspil vekur annað eins yndi og alstirndur himinn þeim sem notið geta. Og er við, — jafnframt því að horfa, — hugsum til þess hvað stjörnur eru, þá vex okkur í huga lotning enn meiri en ella, fyrir þessum fjarlægu furðum náttúrunnar. Því víst eru stjörnur hlutar hennar, og víst er hún óendanleg að víðáttu slíkri, að engum stjörnuspekingi hefur tekist eða mun takast að finna þar á nokkur mörk, og hafa þó ýmsir reynt og reyna enn. Svo mjög hafa þau víðerni vaxið skilningi manna yfir höfuð með bættri tækni síðari ára.

En snúum okkur örlitla stund til stjarnanna fögru og hugsum um þá töfра, sem þær búa yfir. Allar stjörnu, sem við sjáum á hverri heiðríkri nóttu, eru glóandi sólir — nema reikistjörnurnar 9 sem tilheyra okkar sólhverfi. — Þær líkjast allar okkar sól, margar þó allmiklu stærri og heitari, og fjarlægðir eru slíkar, að nemur hundruðum, og þúsundum ljósára. Um þessar sólir flestar munu ganga fleiri eða færri reikistjörnur og á sumum þeirra mun þróast líf, í líkingu við það, sem við hér þekkjam, þótt nokkuð muni frábrugðið á sumum þeirra. En eðli lífsins mun hliðstætt vera um allan alheim: allstaðar er það af efni gert, samkynja því, sem við menn þekkjam hér.

Eitt hið allramerkilegasta við stjörnur er það, að á þeim (reiki-stjörnum annarra sólna) mun þróast ýmist frumlíf eða framlíf. Og það er einmitt á framlífshnöttum slíkum, sem framhald lífsins bíður okkar jarðarmanna, og fer þá mjög eftir lífsstíl okkar hér, innræti, hegðun og hugsun.

Ég bið ykkur enn sem fyrr, kæru lesendur Lífgeisla að senda ritinu til birtningar hverskonar efni: greinar, hugleiðingar, drauma, ljóð, frásagnir af sýnum og „dulrænni“ reynslu ýmiskonar.

Verið svo kært kvödd með bestu óskum um gjöfult og farsælt komandi summar.

*Fyrir hönd Félags Nýalssinna og ritstjórnar Lífgeisla,  
Ingvar Agnarsson.*

# Lífgeislar

*Útgefandi:* SKÁKPENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir  
 hond Félags Nýalssinna, Álhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík  
*Ritstjóri:* INGVAR AGNARSSON

## EFNISYFIRLIT

### ERINDI OG GREINAR:

Kúluþyrpingar. (Sjá forsíðumynd og aðra mynd á innsíðu.) I. A. ....	bls.	38
Framkoma „andaljósmynda“ (með mynd).		
Þorsteinn Guðjónsson .....	”	39
Vetrarbrautir í fjarska. (Mynd) .....	”	42
Hlustað á fjartalanda (III) I. A. ....	”	43
„Vitin mundu tæmast...“ (IV) I. A. ....	”	47
Glæta í myrkri. Þorsteinn Guðjónsson .....	”	48
Svanurinn. (Stjarnmynd) I. A. ....	”	50
Stjörnusambandsstöð á öðrum hnetti? (með mynd) I. A. ....	”	51
Vísindasaga. Þorsteinn Guðjónsson .....	”	54
Litli-Björn. (Stjarnmynd) .....	”	55

### LJÓÐ:

Hrefnan. Halla frá Laugabóli .....	”	56
Sannleiksperlan. Steingrímur Thorsteinsson .....	”	56
Gleym ekki. Jóhannes Örn Jónsson .....	”	57
Hvað býr í stjörnunum. Halla frá Laugabóli .....	”	57

### DRAUMAR:

Höllin glæsta á tindinum háa (með mynd). I. A. ..	”	58
Eyðing lífheims á öðrum hnetti. I. A. ....	”	61

### SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Miðill: Sveinn Haraldsson		
Ritari: Gunnar Hjörvar		
Herakles hinn gríski .....	”	64
Ásmundur Sveinsson .....	”	66
Helgi Hjörvar .....	”	68
Guðbrandur biskup .....	”	69

### ÝMISLEGT:

Bókin: Leiðsögn til stjarnanna.		
Auglýsing frá Skákprenti .....	”	70
Til lesenda Lífgeisla. I. A. ....	”	71